

Stuðningsþjónusta í Reykjavík



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Markmið stuðningsþjónustu

Markmiðið er að veita viðbótaraðstoð við grunnþjónustu fyrir einstaklinga sem þurfa á auknum stuðningi að halda vegna aðstæðna sinna eða fötlunar. Stuðningsþjónusta er aðstoð við athafnir dagslegs lífs og/eða félagslegur stuðningur til þess að rjúfa félagslega einangrun.

Breyting á reglum um stuðningsþjónustu er gerð meðal annars af því að þjónusta við fatlað fólk er nýr þáttur innan stuðningsþjónustu eftir yfirfærslu málefna fatlaðs fólks í janúar 2011.

Nýjar reglur fela í sér aðlögun að nýju og skilvirkara vinnulagi sem ætlað er til hagsbóta fyrir notendur.

Lagagrundvöllur

- Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Barnaverndarlög nr. 80/2002



Efnisyfirlit:

Markmið þjónustu.....	1
Lagagrundvöllur.....	1
Þjónusta í boði.....	2
Réttur til stuðningsþjónustu.....	3
Mat á stuðningsþörf.....	3
Nánar um innihald reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík.....	4
Ferli.....	5

Þjónusta í boði



Persónuleg ráðgjöf: Félagslegur stuðningur til samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.

Tilsjón: Aðstoð eða leiðsögn til foreldra eða forsjáraðila við uppeldi og aðbúnað barna.

Liðveisla: Félagslegur stuðningur til samfélagsþátttöku út frá forsendum og markmiðum hvers og eins.

Frekari liðveisla: Aðstoð vegna aukinna þarfa fyrir þjónustu vegna fötlunar þar sem hún er nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Stuðningsfjölskyldur: Móttaka barns eða barna til dvalar á heimili stuðningsfjölskyldu þar sem markmiðið er að styðja foreldra, veita þeim hvíld og/eða styrkja stuðningsnet barnsins eftir því sem við á.

Notendasamráð

Öflun gagna og upplýsinga er unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku er leitast við að hafa samvinnu og samráð við notanda.

Gerður er þjónustusamningur við hvern og einn einstakling þar sem útfært er hvernig áherslum og markmiðum í þjónustu verði náð.

Réttur til stuðningsþjónustu

Forsendur þess að geta sótt um stuðningsþjónustu eru eftirfarandi:

- Að einstaklingur eigi lögheimili í Reykjavík
- Að einstaklingur búi í sjálfstæðri búsetu.
- Að faglegt mat sýni fram á þörf fyrir aðstoð við athafnir daglegs lífs eða til þess að rjúfa félagslega einangrun.
- Ef umsókn um þjónustu byggir á lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum þarf einstaklingur gilt örorkumat eða fötlunargreiningu.

Stuðningsþjónusta er að jafnaði ekki veitt börnum yngri en 6 ára nema um sé að ræða stuðningsfjölskyldur.



Mat á stuðningsþörf

Óháð því hvaða þjónustu eða aðstoð óskað er eftir eru þjónustuparfir metnar út frá matstæki.


Við mat á þjónustupörf eru eftirfarandi fjórir meginþættir metnir:

1. Færni og styrkleikar einstaklings og þær afleiðingar sem skerðing kann að hafa á getu hans í athöfnum daglegs lífs.
2. Félagslegar aðstæður, þ.e. félagslegt öryggi sem einstaklingur býr við.
3. Samfélagsþátttaka og virkni einstaklings.
4. Styrkleikar og möguleikar á stuðningi frá fjölskyldu eða öðrum í samfélaginu.

Í öllum þáttum matsins er stigagjöf svo hægt sé að finna út hversu mikla þörf umsækjandi hefur fyrir þjónustu eða aðstoð. Stigagjöfin gefur til kynna hversu mikil þjónustupörf hans er og hvort hann uppfylli viðmið um að fá þjónustu.

Umsækjanda er kynntar niðurstöður mats og niðurstöður umsóknar eins fljótt og hægt er þar sem ákvörðun er rökstudd með vísan í viðeigandi ákvæði reglna um stuðningsþjónustu. Eftir atvikum getur mat farið fram á heimili umsækjanda.

Lögð er áhersla á að meðan á biðtíma eftir þjónustu stendur sé unnið að því að leita annarra leiða í þjónustu og veita ráðgjöf.



Mat á þjónustupörf skal unnið í samvinnu við umsækjenda enda er mat á þjónustu upphaf að skilvirkri notendasamráði.



Nánar um innihald reglna um stuðningsþjónustu í Reykjavík

3. gr. Réttur til stuðningsþjónustu

Ein af forsendum þess að einstaklingur geti sótt um stuðningsþjónustu er að hann búi í sjálfstæðri búsetu. Þeir sem ekki búa í sjálfstæðri búsetu s.s. einstaklingar í sértæku húsnæðisúrræði fá stuðningþjónustu heima fyrir, enda sé áhersla lögð á heildstæða þjónustu með hagsmuni notenda að leiðarljósi. Óski einstaklingur eftir því að fá utanaðkomandi starfsmann þá skal þjónustuaðili koma til móts við þær óskir eftir því sem hægt er.

9. gr. Forgangsröðun umsókna

Forgangsröðun umsókna byggist á stigagjöf matstækis á því hvort þjónustupörf sé lítil, meðal, mikil eða mjög mikil.

11. gr. Endurmat/breyting á þjónustupörf

Að öllu jöfnu skal samþykkt aðstoð ekki gilda lengur en í 6 mánuði. Heimilt er þó að samþykkja aðstoð í 18 mánuði sé það ljóst að aðstæður einstaklings munu ekki breytast. Notandi/forsjáraðili/persónulegur talsmaður ber ábyrgð á að fylgjast með gildistíma samnings og sækja skal um að nýju 4 vikum áður en samningur er útrunninn sé þörf fyrir frekari stuðningsþjónustu.

12. gr. Samþætt og heildstæð þjónusta

Unnið er að því að einstaklingur fái heildstæða og samþætta þjónustu og aðstoð. Í þeim tilvikum þar sem þjónusta þarf að vera sérhæfð t.d. vegna fötlunar eða geðfötlunar er hægt að sækja samþætta þjónustu frá sérhæfðum þjónustueiningum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í þeim tiltellum sem einstaklingur er með heimaþjónustu og þarfnast einnig stuðningsþjónustu skal vinna að því að framkvæmdaaðili heimaþjónustu sjái einnig um framkvæmd stuðningsþjónustu sé það æskilegt.

13. gr. Hópastarf

Hópastarf er byggt á þörf einstaklinga fyrir persónulega ráðgjöf eða liðveislu. Markmiðið er að efla félagsfærni og samfélagsþátttöku. Þetta er fyrir þá einstaklinga sem þörf hafa á leiðsögn eða aðstoð við að vera í samskiptum við jafnaldra og/eða fólk sem hefur svipuð áhugamál.

15. gr. Kostnaður

Við gerð þjónustusamnings skal m.a. skilgreina markmið aðstoðarinnar og útlagðan kostnað. Notendur greiða kostnað fyrir sig vegna frístundastarfs í stuðningsþjónustu en Velferðarsvið endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað. Útlagður kostnaður fyrir stuðningsaðila getur aldrei orðið meiri en 3.900 kr. á mánuði.

Ferli

1. Umsókn

Sótt er um á sérstöku eyðublaði og tekur þjónustumiðstöð í því hverfi sem umsækjandi býr við umsókninni. Hægt er að nálgast umsókn á þjónustumiðstöðvum og á heimasíðu Reykjavíkurborgar á rafræn Reykjavík. Eftir að umsókn hefur verið lögð inn hefur starfsmaður á þjónustumiðstöð samband og býður umsækjanda í viðtal.

2. Mat og notendasamráð

Í viðtalinu og í kjölfar viðtals meta sérfræðingar á þjónustumiðstöð í samvinnu við umsækjanda þörf hans fyrir stuðningsþjónustu. Í þeim tilvikum sem við á þarf umsækjandi að leggja fram gilt örorkumat, sjúkdómsgreiningu eða fötlunargreiningu. Þegar búið er að leggja mat á þjónustubörf umsækjanda er honum sent skriflegt svar um niðurstöður matsins og hvort hann fái veitta stuðningsþjónustu eða ekki. Skal kynna honum niðurstöður eins fljótt og hægt er. Sérfræðingur á þjónustumiðstöð leiðbeinir umsækjanda með næstu skref.

3. Þjónustusamningur

Hafi umsækjandi fengið samþykki fyrir stuðningsþjónustu er gerður þjónustusamningur þar sem fram kemur tilgangur og markmið stuðningsins. Einnig skal samningurinn kveða á um tímafjölda, hvernig aðstoðin skuli veitt og gildistíma.

4. Endurmat

Notandi/forsjáraðili/persónulegur talsmaður ber sjálfur ábyrgð á að fylgjast með gildistíma þjónustusamningsins. Notandi skal sækja um að nýju 4 vikum áður en þjónustusamningur rennur út sé þörf á áframhaldandi stuðningsþjónustu.

5. Synjun

Ef umsókn um stuðningsþjónustu er hafnað er umsækjanda send rökstudd ákvörðun þess efnis með vísun í viðeigandi ákvæði reglna um stuðningsþjónustu. Sérfræðingar þjónustumiðstöðva eiga að kynna umsækjenda niðurstöðurnar og kynna honum rétt hans á því að velferðarráð Reykjavíkur fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til þess að vísa máli sínu til velferðarráðs. Kynna á notenda ákvörðun nefndarinnar og um leið rétt hans til þess að vísa málinu áfram til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Hraunbær 115

Sími 411-1200

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Álfabakki 12

Sími 411-1300

Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður

Gylfaflöt 5

Sími 411-1400

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Síðumúli 39

Sími 411-1500

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Skúlagata 21

Sími 411-1600

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður

Hjarðarhagi 45-47

Sími 411-1700

Þjónustu- og símaver Reykjavíkurborgar

Sími 411-1111

Hafðu samband



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Höfðatorg, Borgartún 12-14 · 105 Reykjavík

Sími 411-1111 · www.velferdarsvid.is